

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 09. 10. 2008

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps fimmtud. 9. okt. 2008 kl. 17:00. Fundarstaður: Geysir.

Mættir voru: Albert Jensson, Guðmundur Valur Gunnarsson, Andrés Skúlason, Þórdís Sigurðardóttir og Brynjólfur Einarsson. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri. Andrés stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Fjárhagsleg málefni, stofnanir o. fl.:

- a) Hugsanleg áhrif atburða í fjármálaheiminum á sveitarfélög á Íslandi. Fyrir liggur ákv. um fund fulltrúa ríkisstjórnarinnar og Samb. ísl. sveitarfélaga um málið föstud. 10. okt. Fram kom hjá sveitarstjóra að engir hnökra séu á samskiptum Djúpavogshrepps og aðal viðskiptabanka sveitarfélagsins, Sparisjóðs Hornafjarðar.
- b) Staða mála v/ jarðhitarannsókna. Fyrir fundinum lá samantekt Stapa / Ómars Bjarka Smárasonar. Sveitarstjóra veitt heimild til að staðfesta viðbótarborun skv. till. ÓBS, enda er til staðar 75% fjármögnun frá Orkusjóði og Rarik. Viðbótarkostnaðurinn er innan heimildar skv. framkvæmdaáætlun Djúpavogshrepps 2008.
- c) Ársreikningur Nordic Factory 2007, lagður fram til kynningar. Fyrirtækið er að 35% hluta í eigu Djúpavogshrepps. Hagnaður ársins var um 1.160 þús. kr. Eignir eru 31.896 þús. kr. Eigið fé er 12.770 þús. kr. og skuldir því samtals 19.126 þús. kr.
- d) Grunnskóli Djúpavogs, dags. 18. sept. 2008. Í erindinu er farið fram á húsnæði undir tilraunaverkefni á vegum skólans, sem lýtur að flokkun sorps. Sveitarstjóra veitt heimild til að vinna að framgangi málsins.
- e) Gjaldskrá v/ hunda- og kattahald, síðari umræða. Áður en gengið var til umfjöllunar um málið var farið yfir ýmis atriði í samþykktum sveitarfélagsins um hunda- og kattahald, sem umhverfisráðuneytið hefur staðfest og mun láta birta í B-deild Stjórnartíðinda. Fyrir fundinum lá staðfesting Heilbrigðiseftirlits Austurlands á gjaldskránni. Fyrirliggjandi drög síðan staðfest og sveitarstjóra falið að undirbúa gjaldskrána til birtingar í Stjórnartíðindum.
- f) Endurskoðun á samþykkt nr. 399/2006 um búfjárhald í Djúpavogshreppi. Fyrri umræða Málið hefur verið kynnt fyrir nefndarmönnum í LBN. Ákveðið var að vinna að því að gera ákv. breytingar samþykktinni og settu fundarmenn upphafsstafi sína á hið fyrirliggjandi skjal, jafnframt því sem málinu var vísað til síðari umræðu.
- g) Gjaldtaka fyrir leigu á aðstöðu undir hjólhýsi o.fl. í Vogshúsinu. Gjald ákveðið sem hér segir: Hjólhýsi / stærri tæki = 5.000.- á mánuði / fyrir byrjaðan mánuð. Tjaldvagnar = 3.000.- á mánuði / fyrir byrjaðan mánuð. Gildi frá og með okt. 2008. Sveitarstjórn vill taka fram að tryggingar vegna tækja eru á ábyrgð eigenda.
- h) Undirbúningur fundar með þingmönnum NA-kjördæmis 20. okt. 2008. Sveitarstjóri og oddviti munu vinna drög að minnisblaði og bera undir sveitarstjórn fyrir fundinn.
- i) Fundir í Reykjavík / á hbs. í tengslum við fjármálaráðst. sveitarfélaga 13. og 14. nóvember nk. Vegna ástandsins í þjóðmálum að undanfögnu hefur ekki enn verið sett í gang undirbúningsvinna eða pöntuð viðtöl við ráðamenn, en það mun fara í gang fljótlega á grundvelli hugmynda, sem ræddar voru á fundinum.

2. Fundargerðir / afgreiðslumál frá nefndum:

- a) SBU; dags. 8. okt. 2008. Fundargerðin hafði verið send í tp. til sveitarstjórnar fyrr þennan dag og gerði enginn viðstaddra aths. við framlagningu hennar. **Eftirtaldir liðir voru staðfestir:**

Liður 2, umhverfismál, undirliðir b) (sorpflokkun), c) frágangur við Víkurland 6 (áður fiskimjòlsverksmiðju), d) (unnið verði að flutningi áhaldahúss Djúpavogshrepps í svonefnd „ketilhús“), g) staðsetning nýs losunarsvæðis fyrir úrgang.

Liður 4, samningur við Loftmyndir ehf v/ loftmyndagagnagrunns fyrir allt sveitarfélagið. Samningurinn var fyrir samþykki sveitarstjórnar kynntur af form. SBU fyrir henni.

Liður 5, byggingarleyfissskyld mál varðandi; a) byggingu 2ja sumarhúsa í Stekkjarhjáleigu skv. skipulagi þar um, b) endurnýjun glugga í Grunnskóla Djúpavogs (ekki um útlitsbreytingu að ræða). Fram kom að einnig er áformað að einfalda þakskegg hússins og hefur verið leitað eftir hönnun á þeirri breytingu, sem lögð verður fyrir byggingaryfirvöld í fyllingu tímans. c) Byggingu sólpalls við Brekku 5.

Fundargerð SBU að öðru leyti lögð fram til kynningar.

- b) Opnun tilboða í félagslega íbúð, Steina 6, dags. 30. sept. 2008. Tvö tilboð bárust og voru þau kynnt, ásamt verðmati fasteignasala og fleiri gögnum – m.a. ítarlegum tp.samskiptum núverandi leigjanda og forsvarsmanna sveitarfélagsins. Eftirfarandi var ákveðið: Afgreiðslu frestað meðan beðið er óyggjandi upplýsinga um aðkomu Varasjóðs húsnæðismála að bæta mismun á áhvílandi láni og væntanlegu söluverði.
- c) Skólaskrifst. Austurlands, 4. og 25. sept. 2008. Fundarg. lagðar fram til kynningar.
- d) Félagsmálanefnd, 36. og 37. fundur. Fundarg. lagðar fram til kynningar.
- e) Ársfundur StarfA (Starfsendurhæfingar Austurlands), 17. sept. 2008. Fundarg. lögð fram til kynningar.
- f) Brunavarnir á Austurlandi, 14. fundur, 22. sept. 2008. Fundarg. lögð fram til kynningar.

3. Erindi og bréf:

- a) Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. sept. 2008. Um er að ræða kynningu á vefaðgangi að fundargerðum stjórnar sambandsins og aðgang að gögnum, sem lögð eru fram á fundum hennar.
- b) Fljótsdalshérað, dags. 12. sept. 2008. Kynning á lögreglusamþykkt fyrir Fljótsdalshérað. Umsagnarfrestur er veittur m.a. aðliggjandi sveitarfélögum til 10. okt. Sveitarstjórnin sér ekki ástæðu til að gera aths. við samþykktina eins og hún lítur út.
- c) Seyðisfjarðarkaupstaður, dags. 18. sept. 2008. Varðar samgöngumál Seyðfirðinga og áherzlu forsvarsmanna sveitarfélagsins að leita beri allra leiða að gera jarðgöng milli Seyðisfjarðar og Héraðs. Fram kom hjá oddvita að fulltrúar Djúpavogshrepps hefðu stutt framgang ályktunar í þessa veru á nýlega afstöðnum aðalfundi SSA, enda væri hjá sveitarstjórninni fullur skilningur á aðstæðum Seyðfirðinga, sem fram kemur í greinargerð með erindinu en var þó ekki hluti af hinu samþykktu plaggi frá aðalf. SSA.
- d) Samkeppniseftirlitið, dags. 16. sept. 2008. Um er að ræða könnun á fyrirkomulagi sorphirðu á vegum sveitarfélaga. Sveitarstjóra og oddvita falið að svara erindinu.
- e) Strætó bs., dags. 17. sept. 2008. Varðar gleðifrjétt þess efnis að öll sveitarfélög landsins geti nú keypt nemakort í strætó á hbs. Sveitarstjórnin tekur undir ályktun frá aðalfundi SSA 25. og 26. sept. 2008; svohljóðandi;

„Ályktun um námsmannakort í Strætó bs

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 skorar á Strætó bs og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að tryggja námsmönnum af landsbyggðinni sem stunda nám þar námsmannakort án endurgjalds eins og nemendum sem búsettir eru innan svæðisins.

Námsmenn af landsbyggðinni verja námslánum og sumarlaunum sínum á þessu svæði og þeim fylgja mikil umsvif og velta. Það eru forréttindi höfuðborgarsvæðisins að fá allt þetta fólk til sín. Nýting almenningsamganga dregur úr umferðarálagi og mengun sem er vandamál á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að hvatinn til námsmanna af landsbyggðinni til að nýta almenningsamgöngur sé sá sami og fyrir þá sem þar eru búsettir.

- f) Byggðastofnun, skýrsla; Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun (lfáf.). Skýrslan, sem einnig er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar, lögð fram til kynningar.

4. Skipulags- og byggingarmál:

- a) Sveitarstjóri kynnti stöðu mála v/ könnunar um „nytjar lands í eigu Djúpavogshrepps“. Einungis fjögur svör bárust.

5. Kosningar:

- a) Aðalfundur HAUST 5. nóv. 2008, einn aðalm. og annar til vara.
Aðalmaður: Andrés Skúlason. Varamaður: Bj. Hafþór Guðmundsson.
- b) Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 17. okt. Einn fltr. og annar til vara.
Aðalmaður: Andrés Skúlason. Varamaður Bj. Hafþór Guðmundsson.

6. Skýrsla sveitarstjóra:

- a) Kynnt ósk forsvarsmanna Djúpavogshrepps til Vegagerðarinnar um fasta ruðningsdaga á fjallveginum yfir Öxi frá og með hausti 2008.
- b) Aðalfundur SSA, kynntar helztu niðurstöður. Í ljósi niðurstöðu kosninga á aðalfundi SSA á Djúpavogi, lýsir sveitarstjórn Djúpavogshrepps undrun yfir skipan aðal- og varamanna í starfsnefndir innan SSA fram að næsta aðalfundi. Niðurstaðan hlýtur að vera sveitarfélögum á starfsvæði SSA mikið umhugsunarefni og í framhaldi má spyrja hvert vægi hinna fámennari sveitarfélaga eigi að vera í samtökunum til framtíðar.
- c) Hugmynd um að hafa gjaldfrjálst í sund í ÍPMD fyrir börn með lögheimili í Djúpavogshreppi á grunnskólaaldri og yngri. Málið rætt og forstöðum. ÍPMD veitt heimild til að auglýsa breytinguna frá 1.nóv.2008.
- d) Sveitarstjóri minnti á 120 ára afmæli Grunnskóla Djúpavogs. Hátíðarfagnaður verður föstud. 10. okt. Ákveðið að færa skólanum bókaþjóf af þessu tilefni.
- e) Niðurgreiðsla v/ námskeiðs fyrir leiðsögumenn í ferðaþjónustu. Ákveðið að veita sveitarstjóra heimild til að skuldbinda sveitarfélagið að niðurgreiða námskeiðsgjöld.
- f) Lagt fram bréf dags 1. okt. 2008 frá Sigurrós Guðmundsdóttur, íbúa á Djúpavogi, er hún afhenti oddvita. Honum falið að svara erindinu á sama hátt og gert verður v/ bréfs, sem tekið var fyrir í SBU 8. okt. 2008, sbr. fundargerð sem lá fyrir fundinum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 19:30.

Fundargerðin, sem færð var í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.